



Teigarhorn

Verndar- og stjórnunaráætlun 2015 – Drög
til kynningar

Júní 2015



UMHVERFISSTOFNUN

Efnisyfirlit

ADGERÐAÁÆTLUN 2015 - 2019	1-4
1. INNGANGUR	1-7
1.1. Leiðarljós.....	1-7
1.2. Eignarhald og umsjón	1-8
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	1-8
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	1-8
2. LÝSING Á SVÆÐINU	2-9
2.1. Mörk svæðanna	2-9
2.2. Náttúruminjar	2-9
2.2.1. Jarðminjar	2-9
2.2.2. Gróður og dýralíf.....	2-9
2.3. Menningarminjar	2-10
2.4. Gildi friðlandsins og landnotkun	2-10
2.4.1. Æðarvarp.....	2-11
2.4.2. Grastekja	2-11
2.4.3. Skógrækt	2-11
2.5. Innviðir og mannvirki	2-11
2.5.1. Byggingar.....	2-11
2.5.2. Vegir og slóðar	2-11
2.5.3. Stígar og gönguleiðir	2-12
2.5.4. Skilti.....	2-12
2.6. Ferðaþjónusta og útivist.....	2-12
2.7. Rannsóknir og vöktun	2-13
2.8. Kynning og fræðsla.....	2-13
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR.....	3-14
3.1. Svæðaskipting	3-14
3.2. Náttúruminjar	3-16
3.2.1. Jarðminjar	3-16
3.2.2. Gróður og dýralíf.....	3-16
3.3. Menningarminjar	3-17
3.4. Innviðir og mannvirki	3-17
3.4.1. Byggingar.....	3-17
3.4.2. Vegir, slóðar og bílastæði.....	3-17
3.4.3. Stígar og gönguleiðir	3-18
3.4.4. Skilti.....	3-18
3.5. Ferðaþjónusta og útivist.....	3-19
3.6. Rannsóknir og vöktun	3-19
3.7. Kynning og fræðsla.....	3-20
3.8. Landnotkun.....	3-20



3.8.1.	Æðarvarp	3—20
3.8.2.	Grastekja	3—21
3.8.3.	Skógrækt	3—21
3.8.4.	Kvikmyndataka og ljósmyndun	3—21
3.8.5.	Veiðar	3—21
3.8.6.	Sauðfjárbeit	3—21
3.9.	Öryggismál	3—22
VIÐAUKI I	3—23
VIÐAUKI II	3—24
VIÐAUKI III	3—25
VIÐAUKI IV	3—26
VIÐAUKI IV	3—27

Aðgerðaáætlun 2015 - 2019

Kaflinn þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu fimm árum í fólkvanginum Teigarhorni og náttúruvættinu geislasteinum í landi Teigarhorns. Áætlunin er samantekt á þeim aðgerðum sem fjallað er um í kafla 3 um markmið, stefnu og leiðir.

Árlega

- Landvörður vakti ástand gróðurs innan friðlandsins í tengslum við umferð ferðamanna. Niðurstöður skulu birtar í skýrslu landvarðar.
- Landvörður vakti dreifingu ágengra framandi tegunda á svæðinu og upprætir eftir föngum.
- Umsjónaraðili svæðisins sjái um viðhald túna á svæðinu.
- Umsjónaraðili merki og lagfæri slóða innan friðlandsins eftir því sem fjárheimildir leyfa og samþykktir hafa verið í deiliskipulagi fyrir svæðið.
- Landvörður fylgist með fugla- og dýralífi svæðisins. Niðurstöður skulu skráðar í skýrslu landvarðar.
- Í upphafi starfstíma landvarðar skal setja upp áætlun um fræðslugöngur fyrir gesti svæðisins auk annarrar fræðslu t.a.m. aðgang og viðveru í steinasafni.
- Landvörður vakti ástand stíga og gönguleiða reglulega m.t.t. öryggis og ástands og gerir ráðstafanir í samráði við umsjónaraðila svæðisins til að tryggja öryggi og bæta úr ástandi ef þörf krefur.

2015

- Djúpvogshreppur mun óska eftir samvinnu við Minjastofnun Íslands um gerð fornleifaskráningar samhliða gerð deiliskipulags og merkingu fornleifa.
- Stjórn fólkvangsins og Djúpvogshreppur taki ákvörðun um hvaða slóðar innan friðlandsins skulu vera opnir fyrir umferð samhliða gerð deiliskipulags og þá hvaða slóðum skuli lokað.
- Umhverfisstofnun og umsjónaraðili svæðisins afmarki svæði við fjöruborðið í náttúruvættinu frá Kálfsfjöru að Brunnaþjóru með girðingu í því skyni að takmarka aðgengi gesta.
- Umhverfisstofnun setji tröppur niður í Innri og Ytri Gamlabæjarfjörur.
- Stjórn fólkvangsins ákveði hvaða gönguleiðir skulu vera merktar samhliða gerð deiliskipulags.
- Umhverfisstofnun setji reglur um dúntekju á Teigarhorni. Reglurnar skulu taka mið af hefð Weywadt fjölskyldunnar.

**2016**

- Umhverfisstofnun óski eftir því við Vegagerðina að ræsi í gegnum þjóðveg 1 fyrir Gufulæk og Rauðalæk verði lagfærð og fallhæð vatnsins minnkuð þannig að vatnavistkerfið verði aftur ein heild.
- Umsjónaraðili óski eftir því við Vegagerðina að gert verði útskot við malarveg inn á Búlandsdal.
- Umhverfisstofnun setji upp skilti við þjónustuvegi sem skilgreindir verða árið 2015 þar sem getið er að almennur akstur almennings á vélknúnum ökutækjum sé bannaður.
- Djúpavoghreppur, í samstarfi við Umhverfisstofnun, setji upp upplýsingaskilti um fólkvanginn við malarveg inn á Búlandsdal.
- Umhverfisstofnun setji upp aðkomuskilti beggja vegna þjóðvegar við landamörk Teigarhorns.
- Umhverfisstofnun og Djúpavogshreppur, í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, útbúi rafrænan kynningarbækling í þeim tilgangi að upplýsa nærsamfélagið um kosti svæðisins til fræðslu.
- Umhverfisstofnun ásamt Djúpavogshreppi meti hvort og hvar sé þörf á að upplýsa um hættur á svæðinu og hvort og hvar nauðsynlegt er að setja upp öryggisgirðingar.

2017

- Djúpavogshreppur óski eftir samvinnu við Veðurstofu Íslands og Þjóðminjasafn Íslands um að sögu veðurathugana á svæðinu verði gerð skil.
- Þjóðminjasafn Íslands stefnir að því að ljúka við viðgerð gamla íbúðarhússins, endurreisa ljósmyndaskúr og setja upp sýningu í húsinu.
- Umhverfisstofnun setji merkingar við þjónustuvegi af þjóðvegi, við veg inn á Búlandsdal, við Búlandsá og við nærsvæði bæjarins um að bannað sé að tjalda á landi Teigarhorns.
- Umhverfisstofnun setji upp skilti við vegslóða að Búlandsá og við upphaf göngustíga um bann við steinatöku.
- Umhverfisstofnun setji upp skilti við Græfulæk við fjöruborðið sunnan við Búlandsá þar sem fram kemur að umferð og steinataka er óheimil.
- Náttúrufræðistofnun Íslands stefni að því að gera nákvæmt jarðfræðikort af svæðinu, skrá helstu jarðminjar og útbreiðslu útfellingasteinda.
- Umhverfisstofnun stefni á því að gefin verði út öryggisáætlun fyrir svæðið.



2018

- Umhverfisstofnun og Djúpavogshreppur óski eftir samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar um gerð örnefnakorts við gerð deiliskipulags. Örnefnakort verði tilbúið árið 2018.
- Umhverfisstofnun, í samstarfi við Djúpavogshrepp, setji upp fræðsluskilti um geislasteina á þjónustusvæði.
- Ráðgjafanefnd fólkvangsins meti hvernig búnaður er heppilegastur til að meta fjölda gesta á svæðinu og hvar hann ætti að vera staðsettur.
- Stefnt er að samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Þjóðminjasafns Íslands og Minjastofnunar Íslands um gerð rafræns fræðslu- og kynningarefnis um svæðið fyrir almenning og ferðamenn. Uppfæra skal og endurskoða efnið reglulega og ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

2019

- Stjórn fólkvangsins meti þörf á lagfæringu slóða.
- Umhverfisstofnun í samráði við umsjónaraðila setji upp gönguteljara á svæðinu.

1. Inngangur

Jörðin Teigarhorn í Djúpavogshreppi er þekkt fyrir merkar jarðminjar ásamt atvinnu- og menningarsögu. Svæðið er sérstaklega auðugt af geislasteinum og fjölbreytni er mikil og er svæðið einn þekktasti fundarstaður geislasteina í heiminum. Á jörðinni er Weywadthús sem friðað er skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Þar var starfrækt ljósmyndastofa Nicoline Weywadt sem var fyrst kvenna á Íslandi til að nema ljósmyndun

Verndar- og stjórnunaráætlun þessi tekur til tveggja friðlýstra svæða sem bæði eru á jörðinni Teigarhorni. Annars vegar er um að ræða fólkvanginn Teigarhorn og hins vegar náttúruvættið geislasteina í landi Teigarhorns. Markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir svæðin tvö er að leggja fram stefnu um verndun þess og hvernig viðhalda eigi verndargildi þess þannig að sem mest sátt ríki um. Afnot gesta af svæðinu skulu vera sjálfbær. Sérstaða svæðisins er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins. Áætlunin var unnin af stjórn fólkvangsins Teigarhorns og starfsfólki Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í stjórn fólkvangsins eiga sæti:

- Andrés Skúlason, Djúpavogshreppur
- Guðmundur Lúther Hafsteinsson, Þjóðminjasafn Íslands
- Kristján Jónasson, Náttúrufræðistofnun Íslands
- Ólafur A. Jónsson, Umhverfisstofnun

Verndar- og stjórnunaráætlunin gildir til ársins 2024. Meðfylgjandi verndar- og stjórnunaráætluninni er aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

Nánari lýsingu og fróðleik um fólkvanginn Teigarhorn og geislasteina í landi Teigarhorns má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>.

1.1. Leiðarljós

Leiðarljós verndar- og stjórnunaráætlunarinnar eru framtíðarsýn og lýsa grundvallarsjónarmiðum sem höfð eru til hliðsjónar um hvernig viðhalda og auka eigi verndargildi svæðisins. Nánari stefnumörkun, þ.e. markmið, stefna og leiðir, byggir á þeirri sýn sem fram kemur í leiðarljósum.

- Að svæðið verði byggt upp með markmið sjálfbærar þróunar að leiðarljósi.
- Að náttúrufræðis- og menningarleg gæði svæðisins viðhaldist.
- Að gestum svæðisins gefist kostur á að fræðast um jarðminjar og kynnast þeim í náttúrulegu umhverfi.
- Að gott og virkt samráð verði milli Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins um uppbyggingu og viðhald svæðisins.
- Að álag vegna heimsóknar gesta skaði ekki náttúru- og menningarminjar.

- Að ástand innviða og viðhald göngustíga og skilta á svæðinu verði til fyrirmyndar.
- Að stuðla að aukinni fræðslu um náttúru- og menningarminjar svæðisins og tilgangi friðlýsingar til að auka skilning almennings á mikilvægi náttúruverndar.
- Að stuðla að rannsóknum á svæðinu, einkum á geislasteinum.

1.2. Eignarhald og umsjón

Jörðin Teigarhorn er í eigu íslenska ríkisins. Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlýstum svæðum sbr. 28. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en sveitarfélaginu Djúpavogshreppi var falin dagleg umsjón og rekstur svæðanna á Teigarhorni með samningi árið 2013.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Hluti jarðarinnar Teigarhorns var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975 samkvæmt lögum um náttúruvernd (Stj. tíð. B. nr. 518/1975). Friðlýsingin var síðan endurskoðuð árið 2013 með auglýsingu um friðlýsingu geislasteina í landi Teigarhorns, Djúpavogshreppi (Stj. tíð. B. nr. 417/2013). Árið 2013 var einnig undirrituð friðlýsing fólkvangsins Teigarhorns í Djúpavogshreppi (Stj. tíð. B. nr. 416/2013), en fólkvangurinn nær yfir alla jörðina Teigarhorn.

Gildandi aðalskipulag Djúpavogshrepps gildir til ársins 2020. Í því er sá hluti friðlýsta svæðisins sem er neðan þjóðveggar 1 og hluti fólkvangsins flokkað sem friðlýst svæði. Við næstu breytingu á aðalskipulagi verður öll jörðin Teigarhorn flokkuð sem friðlýst svæði. Deiliskipulag fyrir svæðið var unnið samhliða gerð verndar- og stjórnunaráætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að vinnu við deiliskipulagið ljúki í nóvember 2015.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Markmiðið með friðlýsingu geislasteina í landi Teigarhorns er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins, einkum m.t.t. þeirra jarðlaga sem eru rík af geislasteinum. Enn fremur er það markmið friðlýsingarinnar að tryggja möguleika á rannsóknum á jarðmyndunum svæðisins, sérstaklega geislasteinum. Geislasteinar eru friðlýstir sem náttúruvætti og flokkast í III flokk verndarsvæða skv. skilgreiningum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (IUCN). Í þeim flokki eru svæði sem eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruminjar sem geta verið t.d. landslagsfyrirbæri, neðansjávarfjöll, jarðminjar og jafnvel lifandi fyrirbæri. Svæði í flokki III eru jafnan lítil og hafa oft mikið aðdráttarfl fyrir ferðamenn.

Markmiðið með friðlýsingu jarðarinnar Teigarhorns sem fólkvangs er að tryggja útivistarsvæði í fögru umhverfi þar sem gestum gefst tækifæri til að kynna sérstakri náttúru svæðisins og sögu jarðarinnar Teigarhorns. Fólkvangurinn Teigarhorni flokkast í V flokk verndarsvæða skv. skilgreiningum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (IUCN). Í V flokk eru verndarsvæði þar sem samspil manns og náttúru í gegnum tíðina hefur skapað svæðinu sérstöðu sem byggir á vistfræðilegu, líffræðilegu, menningarlegu og sjónrænu gildi þess. Jafnframt er varðveisla þessa samspils nauðsynleg til verndunar og viðhalds svæðisins og þeirra náttúruverndarslegu gilda og annarra gilda sem svæðið hefur.

2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðanna

Náttúruvættið geislasteinar í landi Teigarhorns er 2 km² að flatarmáli og fólkvangurinn Teigarhorn er 20 km² að flatarmáli. Mörk svæðanna má sjá á kortum í viðauka I.

2.2. Náttúruminjar

2.2.1. Jarðminjar

Berggrunnur jarðarinnar Teigarhorns er að mestu úr basalhraunlögum sem runnu á míósentíma fyrir um 9 milljón árum. Efri hluti hraunlaganna er úr gjallkenndu brotabergi en kjarninn er úr þéttu basalti. Milli sumra hraunlaga eru þunn rauð millilög. Í Eyfreyjunesvík er um 20 m þykkt grænt flikrubergr sem einnig er að finna í Blábjörgum handan Berufjarðar. Hraunlögin hafa grafist undir yngri hraunlögum og ýmsar steindir fallið út í holrými í berggrunninum. Fjöldi bergganga sem tengjast fornri megineldstöð í Álftafirði skera hraunlagastaflann. Jöklar ísaldar hafa sorfið berggrunnin niður og opnað sýn ofan í jarðskorpuna. Áætlað er að um 1500 m þykkur hraunlagastafli hafi sorfist ofan af berggrunninum við ströndina. Sjávarrof brýtur jafnt og þétt úr sjávarklettum og opnast þá holur og sprungur í klettunum sem oft innihalda útfellingasteindir.

Náttúruvættið Teigarhorn í Berufirði er einn merkasti fundarstaður zeólíta (geislasteina) í heiminum, og má finna sýni þaðan á öllum helstu náttúrugripasöfnum í Evrópu og Ameríku. Á Teigarhorni finnast skólesít, stilbít, heulandít, epistilbít, mordenít, laumontít og fleiri zeólítar. Einnig finnst þar aðrar steindir svo sem celadonít, ópall, kalsedón, bergkristall, kalsít og silfurberg. Steindir þessar finnast helst innan náttúruvættisins í sjávarklettum og í gili Búlandsár.

Óheimilt er að hrófla við eða skemma jarðmyndanir í náttúruvættinu og í fólkvanginum og óheimilt er að fjarlægja zeólíta af svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Landvörður hefur safnað steinum og steinabrotum í náttúruvættinu. Þeir steinar sem ekki eru til sýnis í geislasteinasafninu hafa verið greindir og merktir og eru varðveittir á svæðinu. Merkustu geislasteinarnir eru í varðveislu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

2.2.2. Gróður og dýralíf

Á Teigarhorni skiptast á votlendi með tjörnum, úthagar, slegin tún og klappir. Landið er nokkuð vel gróið, en þó finnast lítt gróin svæði við Búlandsárós. Ofar í landi Teigarhorns eru víðfeðmir móar með lækjum og ung skógrækt. Ofan þjóðvegarins við Hálsarætur er vel gróið berjaland. Meðfram strandlengjunni og upp með Búlandsá eru rofin svæði. Landvörður hefur undanfarin tvö ár unnið að uppgræðslu svæðanna meðfram strandlengjunni með góðum árangri.

Lúpínu var sáð á afmörkuðu svæði í landi Teigarhorns, en landvörður hefur unnið að því að halda henni í skefjum. Fyrri ábúendur Teigarhorns og Héraðs- og Austurlandskógar gerðu með sér skógræktarsamning og hefur trjám, erlendum og innlendum tegundum, verið plantað í land ofan Þjóðveggar umhverfis Búlandsá og undir Hálssum auk þess sem nokkur trjárækt er við bæinn á Teigarhorni. Árið 2013 gerði landvörður rannsókn á gróðurfari svæðisins og má sjá niðurstöður rannsóknarinnar í skýrslu landvarðar sumarið 2013.

Fuglalíf á Teigarhorni er mikið og fjölbreytt. Árið 2013 voru alls skráðar 42 fuglategundir, þar af 23 tegundir með staðfest varp eða sem sýndu óðalsatferli. Lista yfir fuglategundir sem sáust á Teigarhorni sumarið 2013 má sjá í skýrslu landvarðar árið 2013.

Refur og tófa hafa sést í friðlandinu, en þeim tegundum hefur verið haldið í skefjum. Þá halda hreindýr oft til í friðlandinu. Snigillinn lyngbobbí er algengur innan friðlandsins í grónum hlíðum upp með Búlandsá. Sjóbleikja gengur í Búlandsá seinnipart sumars og einnig veiðist stöku lax og sjóbirtingur. Árið 2013 fannst flundra í fyrsta skipti í ánni. Í Græfulæk hafa veiðst dvergbleikjur auk þess sem sést hafa álar.

Á jörðinni er miltisbrandsgröf nr. A375. Ekki er talið líklegt að hætta stafi frá gröfinni.

2.3. Menningarminjar

Í landi Teigahorns eru margar merkar menningarminjar sem vitna til um búskaparhætti á jörðinni. Fyrst ber að nefna gamla íbúðarhúsið, Weywadthús, sem byggt var á árunum 1880-1882. Í viðbyggingu við húsið rak Nícoline Marie Elise Weywadt ljósmyndastofu, en hún lærði ljósmyndun í Kaupmannahöfn fyrst kvenna á Íslandi á árunum 1871-1872. Ljósmyndastofan var síðar rekin af Hansínu Regínu Björnsdóttur til ársins 1911. Í Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni Íslands eru varðveittar ljósmyndir þeirra auk ýmiss búnaðar til ljósmyndunar. Þjóðminjasafn Íslands keypti gamla húsið til varðveislu sem menningarsögulegar minjar og er það hluti af húsasafni þess. Húsið, ásamt munum sem tilheyra íbúum þess og ekki síst þeir sem tengjast ljósmyndasögu Íslands, munu gegna mikilvægu hlutverki við miðlun menningarsögu staðarins í framtíðinni.

Á Teigahorni hafa verið stundaðar veðurathuganir með skipulögðum hætti frá 1881 og skipar staðurinn mikilvægan sess í sögu veðurathuganna á Íslandi.

Aðrar minjar um búskaparhætti í landi Teigarhorns tengjast bæði sjósókn og hefðbundnum landbúnaði. Gerð hefur verið skrá yfir þessar minjar en formleg fornleifaskrá hefur ekki verið gerð. Örnefnaskrá hefur verið rituð fyrir Teigarhorn en hún hefur ekki verið færð inn í kortagrunn.

2.4. Gildi friðlandsins og landnotkun

Gildi friðlandsins felst fyrst og fremst í náttúru- og menningarminjum þess, bæði til fræðslu og rannsókna sem og upplifunar og útivistar fyrir gesti svæðisins. Þá hefur svæðið einnig

verið nýtt til skógræktar og heyskapar, auk þess sem all nokkurt æðarvarp er á svæðinu sem nýtt hefur verið á síðustu árum.

2.4.1. Æðarvarp

Töluvert æðarvarp er á Teigarhorni. Fram til ársins 2013 hafði varpinu ekki verið sinnt, en árið 2013 hóf umsjónaraðili svæðisins dúntekju. Árið 2014 var tekinn dúnn úr um 300 hreiðrum.

2.4.2. Grastekja

Bæjartún Teigarhorns hafa verið slegin reglulega og slægjan meðal annars nýtt til uppgræðslu á svæðinu. Samkvæmt auglýsingu um friðlandið er sauðfjárbeit bönnuð, en nokkuð hefur verið um að sauðfé hafi komist inn fyrir girðingar.

2.4.3. Skógrækt

Nokkur skógrækt er á svæðinu, en fyrri eigendur Teigarhorns höfðu gert skógræktarsamning við Héraðs- og Austurlandsskóga. Trjám, erlendum og innlendum tegundum, hefur verið plantað á svæðinu ofan Þjóðveggar umhverfis Búlandsá og undir Hálsu. Í upphafi ársins 2013 höfðu tæplega 245 þúsund plöntur verið gróðursett. Áætlanir gera ekki ráð fyrir umtalsverðri fjölgun plantna frá því sem nú er, enda má telja svæðið nær fullnýtt. Í október 2014 var gerður nýr samningur við Héraðs- og Austurlandsskóga þess efnis að skógarbóndi (Djúpavogshreppur) skuldbindur sig til að taka til skógræktar 168 ha. sbr. kort í viðauka III. Með nýjum samningi var dregið verulega úr umfangi skógræktar á svæðinu frá fyrri áætlunum.

2.5. Innviðir og mannvirki

2.5.1. Byggingar

Á jörðinni Teigarhorni eru nokkrar byggingar. Fyrst ber að nefna Weywadthús sem reist var á árunum 1880-1882. Húsið er í eigu Þjóðminjasafns Íslands og er hluti af húsasafni þess. Í íbúðarhúsi á svæðinu sem byggt er um 1984 hefur landvörður haft aðstöðu. Fyrrum vélageymslu á jörðinni hefur verið breytt í sýningarskála sem hýsir sýningu geislasteina frá Teigarhorni sem opin er fyrir gesti svæðisins. Í sýningarskálanum er einnig salernisaðstaða. Þá eru fjárhús og dúnkofi á jörðinni. Byggingar á svæðinu þarfnast verulegra viðgerða og viðhalds.

2.5.2. Vegir og slóðar

Þjóðvegur 1 liggur í gegnum fólkvanginn og náttúruvættið. Af þjóðvegi við svokallaða Teiga liggur uppbyggður malarvegur sem er að hluta til innan friðlandsins að vatnsveitu í Búlandsdal sem er einnig upphaf gönguleiðar á Búlandstind. Tveir vegslóðar liggja af veginum inn á Búlandsdal og eru einungis færir jeppum. Vegslóðar þessir liggja annars vegar af veginum frá Folaldakambi að Reiðsundi og hins vegar af vegi skammt frá Folaldakambi að

Búlandsá um skógræktarsvæði. Þá er vegslóði af Þjóðvegi að ræktuðum túnum norðan megin Búlandsár og efnistökunámum. Á sama svæði er vegslóði um skógrækt norðan megin Búlandsár.

Tveir stuttir slóðar eru bæði norðan- og sunnanmegin við Búlandsá niður að fjöru, norðan megin vegna efnistöku og sunnan megin árinna niður að sandfjöru. Þá er einnig akfær slóði að æðarvarpi frá bæjartorfunni og annar slóði við Langahraun af Þjóðvegi að æðarvarpi.

2.5.3. Stígar og gönguleiðir

Malarbornir göngustígar hafa verið merktir á Teigarhorni. Sjá má kort af göngustígum í viðauka II. Settar hafa verið tröppur ofan í Brunnfjöru, Hjallstanga og stefnt er að því að ljúka gerð trappa niður í Innri- og Ytri Gamlabæjarfjörur árið 2015 til að auðvelda aðgengi og minnka slyshættu. Að auki hefur verið fjallað um gönguleið á Búlandstind í gönguleiðabókum, en sú leið hefur ekki verið stikuð.

2.5.4. Skilti

Á áningarstað við mörk friðlandsins að sunnan, við Eyfreyjunesvík eru tvö upplýsingaskilti í eigu Vegagerðarinnar um Nicolínu Weywad, sögu svæðisins og um geislasteina. Við bílastæði við íbúðarhús eru tvö skilti, leiðbeiningaskilti í eigu Umhverfisstofnunar og upplýsingaskilti um Weywadshús í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Þá hafa verið sett upp bannskilti sem loka stígum sem myndast hafa og ekki er ætlast til að ferðamenn gangi og viðvörðunarskilti sem vara við grjóthruni.

2.6. Ferðaþjónusta og útivist

Þar til í apríl 2013 var svæðið lítt aðgengilegt almenningi. Enn sem komið er hefur svæðið ekki verið auglýst sem viðkomustaður ferðamanna en þrátt fyrir það hefur verið töluverð ásókn ferðamanna inn á svæðið. Flestir ferðamenn sem fara um svæðið stoppa við áningarstað Vegagerðarinnar í Eyfreyjunesvík, en auk þess er algengt að gestir njóti útivistar í nærsvæði bæjarins, heimsæki geislasteinasafnið, skoði geislasteina í náttúrunni og fræðist um æðarflugl og dúntekju. Áhugi heimamanna á svæðinu hefur farið vaxandi undanfarin ár og hefur nýtingin fyrst og fremst verið í formi útivistar, gönguferða, berja- og sveppatínslu.



2.7. Rannsóknir og vöktun

Zeólítar frá Teigarhorni hafa verið notaðir í ýmsar rannsóknir í meira en 200 ár. Þar á meðal eru lýsingar á kristalformum, efnasamsetningu, innri byggingu kristalla og ljósfræði. Sumar þeirra eru meðal fyrstu lýsinga á viðkomandi steindum. Breski jarðfræðingurinn George P.L. Walker rannsakaði og kortlagði dreifingu zeólíta í hraunlagastaflanum á Austurlandi og sýndi fram á að þeir raða sér í nær lárétt belti sem endurspeglar það hversu djúpt í skorpunni þær mynduðust. Í grein eftir Philip S. Neuhoff o.fl. er gott yfirlit yfir þær steindir sem finnast á Teigarhorni og myndun þeirra.¹

Rannsóknir á gróðri og fuglalífi hafa fyrst og fremst verið framkvæmdar af landverði sem starfað hefur á sumrin á svæðinu og má sjá niðurstöður þeirra rannsókna í skýrslum landvarðar frá árunum 2013 og 2014 sem er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

2.8. Kynning og fræðsla

Ekki hefur verið unnið að kynningu svæðisins meðal ferðamanna, en svæðið er þó þekkt á heimsvísu, sérstaklega meðal steinaáhugafólks.

Auk þeirra skilta sem þegar eru til staðar um náttúruvættið og sögu Weywadtsfjölskyldunnar hafa verið til bráðabirgða settar upp upplýsingar um gönguleiðir og menningarminjar. Landvörður hefur einnig verið með fræðslu fyrir ferðamenn og tekið á mótum skólahópum, erlendum og innlendum auk þess sem grunnskólinn á Djúpavogi hefur heimsótt svæðið. Steindasýningin hefur nýst mjög vel til fræðslu, bæði fyrir almenning og fræðimenn á sviði jarð- og steindafræði. Weywadthúsið og nýting æðardúnsins hefur einnig vakið mikla athygli meðal gesta svæðisins.

¹ Philip S. Neuhoff, Thráinn Fridriksson, Stefán Arnórsson and Dennis K. Bird, 1999. Porosity evolution and mineral paragenesis during low-grade metamorphism of basaltic lavas at Teigarhorn, Eastern Iceland. *American Journal of Science*, 299, p. 467-501.

3. Markmið, stefna og leiðir

3.1. Svæðaskipting

Friðlýsta svæðið er mjög fjölbreytt m.t.t. verndar- og nýtingarsjónarmiða. Í því skyni að vernda sérstaklega þau svæði sem eru viðkvæmust en jafnframt stuðla að sjálfbærri nýtingu svæðisins hefur því verið skipt upp í mismunandi svæði þar sem ólíkar áherslur ríkja hvað varðar umgengni, innviði og nytjar. Svæðaskiptinguna má sjá á korti í viðauka III og stefnu varðandi umgengni, innviði og nytjar á hverju svæði fyrir sig má sjá í töflu 1.

Markmið með svæðaskiptingunni eru eftirfarandi:

- ~ Að skýr stefna ríki fyrir hvert svæði fyrir sig varðandi uppbyggingu, umgengni og nytjar.
- ~ Að tryggja viðhald verndargildis svæðisins þannig að nýta megi þær auðlindir sem nýttar hafa verið í sátt við friðlandið.
- ~ Að tryggja að sérstaklega viðkvæm svæði verði ekki opin nema með leiðsögn starfsmanns svæðisins.
- ~ Að tryggja aðgengi almennings að þeim svæðum sem opin eru og setja skýra stefnu um þá innviði sem byggðir skulu vera upp til að þjónusta gesti svæðisins.

Með svæðaskiptingunni er friðlýsta svæðinu skipt í eftirfarandi svæði; bæjarsvæði, verndarsvæði A, verndarsvæði B, verndarsvæði C, verndarsvæði D og útivistarsvæði.

Bæjarsvæði: Á svæðinu er íbúðarhús, útihús, aðkoma, tún, slóðar, gönguleiðir og menningarminjar. Gert er ráð fyrir að þetta svæði muni taka við megin straumi gesta svæðisins. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu innviða.

Verndarsvæði A: Á svæðinu er stærstur hluti æðarvarpsins á jörðinni. Svæðið er að mestu óraskað votlendissvæði. Ekki er gert ráð fyrir umferð gesta um svæðið nema með leiðsögn.

Verndarsvæði B: Á svæðinu er sendin fjara og stuttur vegslóði að svæðinu. Gert er ráð fyrir frjálstri för gesta um svæðið.

Verndarsvæði C: Búlandsá rennur um svæðið endilangt, efst í glúfri en neðar á áreyrum. Á svæðinu er gert ráð fyrir frjálstri för gesta, auk þess sem heimilt er að stunda þar stangveiði.

Verndarsvæði D: Á svæðinu eru sérstaklega viðkvæmar jarðmyndanir og hætta á hruni. Á svæðinu er ekki gert ráð fyrir umferð gesta nema með leiðsögn.

Útivistarsvæði: Á svæðinu er gert ráð fyrir frjálstri umferð ferðamanna og er gert ráð fyrir að byggðir verði upp innviðir sem styðja við útivist og náttúruskoðun.

Tafla 1. Stefna varðandi umgengni, innviði og nytjar.

	Bæjarsvæði	Verndarsvæði A	Verndarsvæði B	Verndarsvæði C	Verndarsvæði D	Útivistarsvæði
Frjáls umferð ferðamanna	x		x	x		x
Frjáls umferð ferðamanna eftir merktum stígum og gönguleiðum	x		x	x		x
Umferð ferðamanna með leiðsögn	x	x	x	x	x	x
Salerni	x					x
Bílastæði	x		x			x
Nýting æðarvarps		x	x		x	x
Leiðbeiningaskilti	x	x	x	x	x	x
Fræðsluskilti	x					x
Göngustígar	x			x		x
Merktar gönguleiðir	x			x		x
Móttaka ferðamanna	x					
Rannsóknir	x	x	x	x	x	x
Fræðslugöngur með landverði	x	x	x	x	x	x
Atvinnuljósmyndun og kvikmyndataka - leyfisskyld	x	x	x	x	x	x
Skógarnytjar	x			x		x
Skógrækt				x		x
Skotveiðar						x
Stangveiði			x	x		
Veitur og veitumannvirki	x		x	x		x



3.2. Náttúruminjar

3.2.1. Jarðminjar

Vernda skal jarðminjar svæðisins, m.a. með svæðaskiptingu (kafli 3.1.) þar sem viðkvæmustu svæðunum er lokað fyrir almenningi nema með leiðsögn starfsmanns svæðisins. Koma skal í veg fyrir steinatöku gesta í náttúruvættinu, nema að fenginni undanþágu til rannsókna. Stefnt skal að því að kanna möguleika á sölu geislasteina sem til falla svo að draga megi úr líkum á steinatöku.

Umsjónaraðili skal sjá um varðveislu þeirra steinda sem safnast við reglulegt eftirlit. Markverðustu sýnins skal skrá og varðveita hjá Náttúrufræðistofnun Íslands eða öðru viðurkenndu safni sem stenst öryggiskröfur.

Aðgerðir:

- ~ Umsjónaraðili hafi reglulegt eftirlit með nýjum steindum sem koma í ljós og hirði þær sem liggja undir skemmdum vegna veðrunar og rofs. Steindir skulu varðveittar með viðeigandi hætti.

3.2.2. Gróður og dýralíf

Vernda skal gróður og dýralíf svæðisins. Ekki skal dreifa framandi tegundum á svæðinu, en vinna skal að útrýmingu þeirra. Veiðar á ref og mink eru heimilar innan svæðisins í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Afránsstjórnun er í höndum Djúpavogshrepps. Veiðar á hreindýrum og rjúpu eru heimilar á Búlandsdal sbr. 9. gr. auglýsingar um fólkvanginn. Stefnt skal að því að meta áhrif beitar og umferðar hreindýra á gróðurfar á svæðinu.

Aðgerðir:

- ~ Umhverfisstofnun vinni að því að ræsi í gegnum þjóðveg fyrir Gufulæk og Rauðalæk verði lagfærð og fallhæð vatnsins minnkuð þannig að vatnavistkerfið verði aftur ein heild.
- ~ Landvörður vakti gróður innan friðlandsins vegna umferðar ferðamanna. Niðurstöður verði birtar í skýrslu landvarðar.
- ~ Landvörður vinni að upprætingu lúpínu. Aðgerðum gegn lúpínu verði lýst í skýrslu landvarðar.

3.3. Menningarminjar

Menningarminjar eru órjúfanlegur hluti heildarmyndar svæðisins. Mikilvægt er að viðhalda, skrá og gera menningarminjum góð skil svo að merkilegar heimildir tapist ekki.

Aðgerðir

- ~ Þjóðminjasafn Íslands stefni að því að ljúka viðgerð á gamla íbúðarhúsinu, endurreisa ljósmyndaskúr og setja upp sýningu í húsinu.
- ~ Djúpavogshreppur óski eftir samvinnu við Minjastofnun Íslands um gerð fornleifaskráningar og merkingu fornleifa.
- ~ Djúpavogshreppur láti vinna fornleifaskráningu fyrir svæðið.
- ~ Umhverfisstofnun og Djúpavogshreppur munu stefna að því að fornleifar á svæðinu verði merktar að höfðu samráði við Minjastofnun Íslands.
- ~ Djúpavogshreppur óski eftir samvinnu við Veðurstofu Íslands og Þjóðminjasafn Íslands um að sögu veðurathugana á svæðinu verði gerð skil.
- ~ Umhverfisstofnun og Djúpavogshreppur óski eftir samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar um gerð örnefnakorts við gerð deiliskipulags.
- ~ Umsjónaraðili svæðisins sjái um viðhald túna á svæðinu.

3.4. Innviðir og mannvirki

Lögð er áhersla á að allar endurbætur og frekari uppbygging innviða og mannvirkja á svæðinu verði unnin í sátt við náttúru- og menningarlandslag. Innviðir skulu stuðla að verndun svæðisins og gera móttöku og upplifun gesta sem heimsækja svæðið sem jákvæðasta.

3.4.1. Byggingar

Mannvirki á Teigarhorni munu gegna viðamiklu hlutverki til framtíðar. Þau þarfnast endurskipulagningar, viðhalds og endurbóta að miklu leyti svo svæðið verði í stakk búið til að taka við miklum fjölda gesta. Í deiliskipulagi, sem stefnt er að ljúka í nóvember 2015, verður unnin framtíðarstefnumótun vegna bygginga á svæðinu í samráði við ráðgjafanefnd fólkvangsins. Þar mun vera fjallað um uppbyggingu til að þjónusta ferðamenn, geymslustað og sýningarskála fyrir steindir, íverustað landvarðar og fleira.

3.4.2. Vegir, slóðar og bílastæði

Vegir og slóðar innan svæðisins skulu vera í því ástandi að þeir geti sinnt hlutverki sínu. Stefnt skal að færslu núverandi vegstæðis frá bænum til að bæta aðgengi, öryggi gesta, skapa svigrúm fyrir endurheimt menningarlandslags og stærra bílastæðis. Lagfæra þarf og merkja óuppbyggða vegslóða til að tryggja aðgengi umsjónaraðila og annarra hagsmunaaðila svo hægt sé að þjónusta svæðið og að eðlilegt aðgengi sé vegna annarrar starfsemi, s.s. veitukerfis og skógræktar. Öðrum vegslóðum innan svæðisins skal viðhaldið og þeir endurbættir eftir því sem ástæða þykir til. Umferð vélknúinna ökutækja um svæðið skal þó vera haldið í lágmarki.

Aðgerðir:

- ~ Stjórn fólkvangsins og Djúpavogshreppur taki ákvörðun um hvaða slóðar innan friðlandsins skulu vera opnir fyrir umferð samhliða gerð deiliskipulags og þá hvaða slóðum skuli lokað.
- ~ Stjórn fólkvangsins meti þörf á lagfæringu slóða.
- ~ Umsjónaraðili merki og lagfæri slóða innan friðlandsins eftir því sem fjárheimildir leyfa.
- ~ Umsjónaraðili, í samráði við Vegagerðina, loki gömlu heimreiðinni að Teigarhorni.
- ~ Umsjónaraðili óski eftir því að gert verði útskot við malarveg inn á Búlandsdal.

3.4.3. Stígar og gönguleiðir

Stígar og gönguleiðir skulu falla vel að umhverfinu, vera vel merktar og viðhaldi þeirra sé sinnt með reglubundnum hætti til að lágmarka líkur á því að gestir gangi utan skipulagðra leiða. Mikilvægt er að við gerð stíga og gönguleiða sé öryggi tryggt með sem bestum hætti og á þetta sérstaklega við um stígagerð við nærsvæði bæjarins á Teigarhorni við fjöruborðið þar sem þverhníptir klettur eru og hætta á grjóthruni. Þá skulu stígar og gönguleiðir vera lagðar með þeim hætti að fólki sé beint frá hættulegum stöðum og þeim stöðum þar sem ekki er ætlast til að sé frjáls umferð ferðamanna sbr. svæðaskiptingu.

Aðgerðir:

- ~ Umhverfisstofnum merki tvær þekktar gönguleiðir á Búlandstind.
- ~ Umhverfisstofnun og umsjónaraðili afmarki svæði við fjöruborðið frá Kálfsfjöru að Brunna fjöru með girðingu í því skyni að takmarka aðgengi gesta.
- ~ Umhverfisstofnun setji tröppur niður í Innri og Ytri Gamlabæjarfjörur.
- ~ Stjórn fólkvangsins ákveði hvaða gönguleiðir skulu vera merktar.
- ~ Umhverfisstofnun og umsjónaraðili svæðisins merki gönguleiðir í samræmi við deiliskipulag.

3.4.4. Skilti

Skiltagerð fyrir svæðið skal vera samræmd og skulu skilti falla vel að umhverfinu, en jafnframt vera á áberandi stöðum. Gott aðgengi skal vera að skiltum.

Aðgerðir:

Bannskilti

- ~ Umhverfisstofnun setji upp skilti við þjónustuvegi sem skilgreindir verða þar sem getið verði að almennur akstur almennings á vélknúnum ökutækjum sé bannaður.
- ~ Umhverfisstofnun setji merkingar við þjónustuvegi af þjóðvegi, við veg inn á Búlandsdal, við Búlandsá og við nærsvæði bæjarins um að bannað sé að tjalda á landi Teigarhorns.



- ~ Umhverfisstofnun setji upp skilti við vegslóða við Búlandsá og við upphaf göngustíga um bann við steinatöku.
- ~ Umhverfisstofnun setji upp skilti við Græfulæk við fjöruborðið sunnan við Búlandsá þar sem fram kemur að umferð og steinataka er óheimil.

Upplýsingaskilti

- ~ Djúpavogshreppur, í samstarfi við Umhverfisstofnun, setji upp upplýsingaskilti um fólkvanginn við malarveg inn á Búlandsdal.
- ~ Umhverfisstofnun setji upp aðkomuskilti beggja vegna Þjóðvegur við landamörk Teigarhorns á Þjóðvegi.
- ~ Djúpavogshreppur, í samstarfi við Umhverfisstofnun, setji upp upplýsingaskilti um Búlandstind og gönguleiðir á fjallið við gatnamót af Þjóðvegi.

Fræðsluskilti

- ~ Umhverfisstofnun, í samstarfi við Djúpavogshrepp, setji upp fræðsluskilti á þjónustusvæði um geislasteina.

3.5. Ferðabjónusta og útivist

Miklir möguleikar eru til ferðamennsku og útivistar á Teigarhorni. Uppbygging svæðisins og umferðarstýring skal vera með þeim hætti að verndargildi svæðisins sé viðhaldið og jafnframt með þeim hætti að gestir hafi tækifæri til að upplifa það markverðasta sem svæðið hefur upp á að bjóða. Svæðið er ekki að öllu leyti opið fyrir ferðamenn og skal upplýsingum um lokuð svæði og svæði með takmörkuðu aðgengi komið til ferðamanna með skýrum leiðbeiningum um að ekki sé heimilt að fara út fyrir merkta stíga. Stefnt skal að því að hafa svæðið opið fyrir almenningi á ársgrundvelli.

Stefnt er að því að setja upp búnað til að meta fjölda gesta sem heimsækja náttúruvættið auk þess sem metið verður hvort þörf er á gerð þolmarkagreiningar fyrir svæðið.

Aðgerðir:

- ~ Ráðgjafanefnd friðlandsins meti hvernig búnaður er heppilegastur til að meta fjölda gesta á svæðinu og hvar hann ætti að vera staðsettur.

3.6. Rannsóknir og vöktun

Stuðlað skal að rannsóknum á jarðminjum svæðisins, sérstaklega rannsóknum á geislasteinum, svo fremi sem þær valdi ekki tjóni á jarðmyndunum svæðisins og að verndargildi þess sé ekki stofnað í hættu. Stefnt skal að því að eftirlit verði á svæðinu allt árið þannig að tryggt sé að farið sé að settum reglum.

Aðgerðir:



- ~ Náttúrufræðistofnun Íslands stefni að því að gera nákvæmt jarðfræðikort af svæðinu, skrá helstu jarðminjar og útbreiðslu útfellingasteinda.
- ~ Landvörður vakti fugla- og dýralífi og gróðri svæðisins árlega og skrái niðurstöður í landvarðaskýrslu.
- ~ Landvörður vakti dreifingu ágengra framandi tegunda á svæðinu.

3.7. Kynning og fræðsla

Náttúruvættið og fólkvangurinn í landi Teigarhorns er afar mikilvægt fyrir fræðslu og útivist, bæði vegna aðsóknar ferðamanna og vegna nálægðar við þéttbýlið á Djúpavogi. Stefnt er að gerð heildstæðs kynningarefnis um svæðið og markverðustu þætti sem Teigarhorn hefur að geyma. Við gerð fræðslu- og kynningarefnis skal leggja áherslu á verndargildi svæðisins ásamt þeim náttúru- og menningarminjum sem þar er að finna og skal það sett fram á upplýsandi og áhugaverðan hátt. Fræðslu- og kynningarefni um svæðið skal vera aðgengilegt almenningi. Starfandi landvörður skal á starftíma sínum taka á mótí gestum og fræða um svæðið. Stefnt er að því að koma upp öruggu og viðurkenndu safni á Teigarhorni þannig að hægt verði að hafa þar til sýnis verðmætari gripi.

Aðgerðir:

- ~ Í upphafi starfstíma landvarðar skal setja upp áætlun um fræðslugöngur fyrir gesti svæðisins auk annarrar fræðslu t.a.m. aðgang og viðveru í steinasafni.
- ~ Umhverfisstofnun og Djúpavogshreppur, í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, útbúi rafrænan kynningarbækling í þeim tilgangi að upplýsa nærsamfélagið um kosti svæðisins til fræðslu.
- ~ Stefnt er að samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Þjóðminjasafns Íslands og Minjastofnunar Íslands um gerð rafræns fræðslu- og kynningarefnis um svæðið fyrir almenning og ferðamenn. Uppfæra skal og endurskoða efnið reglulega og ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

3.8. Landnotkun

Landnotkun á svæðinu skal vera í sátt við umhverfið og leitast skal við að valda sem minnstri truflun.

3.8.1. Æðarvarp

Heimilt er umsjónaraðila að nýta æðarvarp á Teigarhorni og skulu tekjur umfram kostnað renna til reksturs svæðisins. Umgengni um varpið skal vera með þeim hætti að dúntekjan valdi sem minnstri truflun.

Aðgerðir:

- ~ Umhverfisstofnun setur reglur um dúntekju á Teigarhorni. Reglurnar skulu taka mið af hefð Weywadt fjölskyldunnar.

3.8.2. Grastekja

Það gras sem fellur til við viðhald túna skal nýtt eins og kostur er til uppgræðslu á rofnum svæðum innan friðlandsins og í nágrenni þess. Svæði við ströndina skulu vera í forgangi.

3.8.3. Skógrækt

Skógrækt á svæðinu skal vinna í samráði við Héraðs- og Austurlandsskóga og samkvæmt ákvæðum í gildandi samningi þar um (október 2014). Ekki skal plantað nýjum framandi plöntutegundum á svæðinu og skógarnytjar skulu vera í samráði við Héraðs- og Austurlandsskóga. Koma skal í veg fyrir dreifingu framandi tegunda út fyrir skógræktarsvæðið.

Aðgerðir:

- ~ Landvörður vaktar dreifingu ágengra framandi tegunda og upprætir eftir þörfum.

3.8.4. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Kvikmyndataka og ljósmyndun innan náttúruvættisins og fólkvangsins kann að vera leyfisskyld hafi hún í för með sér röskun eða skemmdir á svæðinu. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir alla kvikmyndatöku í atvinnuskyni, enda feli sú myndataka í sér framkvæmdir, sýnilegt rask, uppsetningu leikmynda, truflun á starfsemi eða þegar farið er inn á svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir kvikmyndatöku og ljósmyndun. Myndataka sem talin er valda óafturkræfu raski á svæðinu skal ekki heimiluð. Mannvirkjagerð í tengslum við myndatöku er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Við veitingu á leyfi vegna myndatöku skal taka mið af verndun gróðurs og dýralífs og jarðminja. Eftirlit skal haft með leyfisskyldri kvikmyndatöku innan friðlýstu svæðanna. Myndir sem sýndar eru opinberlega skulu ekki sýna staðsetningu merkra jarðminja og skal það vera eitt af skilyrðum fyrir leyfum sem veitt eru vegna myndatöku.

Ljósmyndun og kvikmyndataka inni í Weywadthúsi er háð reglum Þjóðminjasafns Íslands.

3.8.5. Veiðar

Veiðar á ref og mink eru heimilar á svæðinu í samræmi við ákvæði auglýsingar um friðlýsingu svæðanna og lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Rjúpna- og hreindýraveiðar eru heimilar á Búlandsdal.

3.8.6. Sauðfjárbreit

Stefnt skal að því að halda svæðinu fjárlausu, að undanskildu svæði ofan girðingar í mynni Búlandsdals þar sem sauðfjárbreit er heimiluð. Gert er ráð fyrir smalamennsku á svæðinu, en notkun vélknúinna ökutækja er óheimil.

3.9. Öryggismál

Öryggi gesta og starfsmanna skal tryggt sem best á Teigarhorni, meðal annars með veitingu upplýsinga um bönn og hættur á svæðinu, með öryggisgirðingum og upplýsingaskiltum þar sem þarf og með eftirliti landvarðar.


Aðgerðir:




- ~ Umhverfisstofnun stefni að því að gefin verði út öryggisáætlun fyrir svæðið.
- ~ Landvörður vakti ástand stíga og gönguleiða reglulega m.t.t. öryggis og ástands og gerir ráðstafanir í samráði við umsjónaraðila svæðisins til að tryggja öryggi og bæta úr ástandi ef þörf krefur .
- ~ Umhverfisstofnun ásamt Djúpavogshreppi meti hvort og hvar sé þörf á að upplýsa um hættur á svæðinu og hvort og hvar nauðsynlegt er að setja upp öryggisgirðingar.




Viðauki I

Mörk svæðanna




 <p>UMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is</p>	<p>Fríðlýsing geislasteina í landi Teigarhorns</p>	 Mörk náttúruvættis		<p>Pláttamál: 2 km²</p>
				<p>Kortavörpun: Lambert keiluvörpun</p>
				<p>Hraðstafa: ISN93</p>
				<p>Kortagerð: Guðni Hannesson LMÍ</p>
				<p>Dagur: 17-04-2013</p>
				<p>© Landmælingar Íslands</p>




 <p>UMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is</p>	<p>Fólkvangurinn Teigarhorn í Djúpvogshreppi</p>	 Mörk fólkvangsins		<p>Pláttamál: 20 km²</p>
				<p>Kortavörpun: Lambert keiluvörpun</p>
				<p>Hraðstafa: ISN93</p>
				<p>Kortagerð: Guðni Hannesson LMÍ</p>
				<p>Dagur: 17-04-2013</p>
				<p>© Landmælingar Íslands</p>

Viðauki II



Viðauki III

Svæðaskipting



Viðauki IV



Teigurhorn Berufjörður
Héraðs- og Austurlandeskógur
Rauðar línur = samningssvæði 168 ha

0 50 100 200 300 400 500 m

DS

AS

1:6.093



0602201.38C

Viðauki IV

Nr. 416 15. apríl 2013

AUGLÝSING

um fólkvanginn Teigarhorn í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfisráðherra hefur ákveðið að tillögu Djúpavogshrepps og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að friðlýsa jörðina Teigarhorn við Berufjörð í Djúpavogshreppi sem fólkvang, skv. 55. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Jörðin Teigarhorn er þekkt fyrir jarðmyndanir og atvinnu- og menningarsögu. Innan marka jarðarinnar er Weywadthús sem byggt var af Niels P.E. Weywadt sem var faktor í verslun Örums og Wulff á Djúpavogi. Á Teigarhorni var starfrækt ljósmyndastofa Nicoline Weywadt sem var fyrst kvenna til að nema ljósmyndun á Íslandi, en hún lauk námi frá Danmörku árið 1872.

Einnig er innan marka fólkvangsins náttúruvættið á Teigarhorni sem friðlýst er vegna geisla-steina (zeólíta) sem þar eru.

Fólkvangurinn er 2010 ha að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið með friðlýsingu jarðarinnar er að tryggja útivistarsvæði í fögru umhverfi þar sem gestum gefst tækifæri á að kynna sérstakri náttúru svæðisins og sögu jarðarinnar Teigarhorns.

3. gr.

Mörk fólkvangsins.

Mörk fólkvangsins eru jarðamörk Teigarhorns og eru þau sýnd á meðfylgjandi hnitsettum upp-drætti í fylgiskjali I.

4. gr.

Umsjón með fólkvanginum.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með fólkvanginum samkvæmt 28. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Umhverfisstofnun skal gera samning um daglegan rekstur og umsjón fólkvangsins við Djúpavogshrepp sem umhverfisráðherra staðfestir. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir fólkvanginn í samráði við Djúpavogshrepp, sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúru-vernd, nr. 44/1999.

Sérstök stjórn, sem í eiga sæti 4 fulltrúar, 1 fulltrúi Djúpavogshrepps, 1 fulltrúi Þjóðminjasafns Íslands, 1 fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands og 1 fulltrúi Umhverfisstofnunar, er til ráðgjafar um stefnumörkun fyrir fólkvanginn. Formaður nefndarinnar er fulltrúi Djúpavogshrepps.

5. gr.

Umferð um fólkvanginn.

Almenningi er heimil för um fólkvanginn, enda sé gætt góðrar umgengni. Almenningi er einungis heimilt að hafa hunda í ól í fólkvanginum enda séu þeir í fylgd ábyrgs aðila og undir tryggri stjórn. Undanþágu frá ákvæði þessu skal þó veita vegna þarfahunda meðal annars vegna

smala-mennsku á Búlandsdal og vegna leitar að mink innan fólkvangsins, enda sé tryggt að ekki sé önnur umferð á svæðinu þegar minkaleit stendur yfir.

Óheimilt er að hafa næturstað innan hins friðlýsta svæðis. Einnig er óheimilt að urða eða henda rusli á víðavangi innan fólkvangsins.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í fólkvanginum, en þó er starfsmönnum á svæðinu heimil, ef nauðsyn krefur, notkun vélknúinna farartækja vegna starfa við stígagerð og vegna veitumannvirkja innan marka fólkvangsins, enda sé ekki unnt að framkvæma verkið á annan hátt, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands. Sérstök aðgát skal viðhöfð við aksturinn til að draga úr hættu á náttúruspjöllum. Hafa skal fullnægjandi útbúnað til slíks aksturs. Leita skal leiða til að flytja efni og annað sem til þarf á þann hátt að ekki sé þörf á akstri utan vega.

6. gr.

Verndun jarðmyndana.

Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Óheimilt er að fjarlægja geislasteina út af svæðinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Sérstök friðlýsingar-ákvæði gilda um friðlýsingu geislasteina í landi Teigarhorns, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Verndun menningarminja.

Óheimilt er að hrófla við menningarminjum eða skemma á annan hátt. Verndun menningarminja innan marka fólkvangsins er í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Gamli bærinn á Teigarhorni ásamt lóð umhverfis er í eigu Þjóðminjasafns Íslands og er hann friðaður.

8. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Djúpavogshrepps, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010, og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Heimilt er að beita búpeningi á Búlandsdal og skulu mörk þar miðast við girðingu í mynni dalsins. Beit er að öðru leyti óheimil innan fólkvangsins nema á afgirtum og ræktuðum túnum. Heimilt er að nytja tún innan jarðarinnar.

Efnistaka er heimil úr malarnámum í grennd við Búlandsá í samræmi við aðalskipulag, en ætíð er óheimilt að taka efni úr árfarvegi Búlandsár svo lífríki í ánni verði ekki raskað með þeim hætti.

Innan jarðarinnar eru tvö skógræktarsvæði. Annars vegar 168 ha skógræktarsvæði skv. samningi 10. febrúar 2003 og hins vegar 183 ha skógræktarsvæði skv. samningi 22. febrúar 2006. Skógræktarsvæðin verða skipulögð sem útivistarsvæði til framtíðar og skal grisjun taka mið af því og reglugerð nr. 583/2000. Frá stofnun fólkvangsins er ræktun og dreifing framandi plöntutegunda óheimil innan marka fólkvangsins í samræmi við reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 og skal koma í veg fyrir að framandi tegundir dreifist út fyrir skógræktarsvæðið. Þó er heimilt að viðhalda eldra skógræktarsvæðinu og að rækta þar áfram tegundir sem plantað hefur verið í reitinn fyrir friðlýsingu fólkvangsins.

Innan marka fólkvangsins er bústaður í einkaeigu á eignarlandi alls 4.000 m². Eiganda er heimilt almennt viðhald á húsinu án samþykkis Umhverfisstofnunar. Aðrar framkvæmdir á lóðinni eru háðar samþykki Djúpavogshrepps og Umhverfisstofnunar, sbr. auglýsingu um stofnun fólkvangsins á Teigarhorni í Djúpavogshreppi.

Innan marka fólkvangsins er eignarlóð að stærð 5.184 m², Kápugil. Eiganda er heimilt almennt viðhald á eignum án samþykkis Umhverfisstofnunar. Aðrar framkvæmdir á lóðinni eru háðar samþykki Djúpavogshrepps, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki, nr. 160/2010.

Innan fólkvangsins er spennistöð í eigu RARIK og Landsnets á 2 ha svæði samkvæmt lóðarleigusamningi. Eigendum spennistöðvarinnar er heimilt almennt viðhald á eignum.

Innan friðlýsta svæðisins er æðarvarp og gilda ákvæði reglugerðar nr. 212/1996 um friðun til-tekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl.

Í fólkvanginum, undir Stóruskriðugili er vatnsverndarsvæði Djúpavogshrepps.

9. gr.

Veiði og notkun skotvopna.

Innan fólkvangsins eru hreindýraveiðar og veiðar á rjúpu aðeins heimilar á Búlandsdal í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Notkun farartækja við veiðar innan fólkvangsins á Búlandsdal eru óheimilar.

Einnig eru heimilar veiðar á ref og mink, en ætíð í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, verndar- og stjórnunaráætlun og á vegum umsjónar- og rekstraraðila. Skylt er að leita til umsjónaraðila svæðisins um alla notkun skotvopna innan fólkvangsins.

10. gr.

Stangveiði.

Stangveiði er heimil í Búlandsá og sér umsjónaraðili um sölu veiðileyfa.

11. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

12. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. apríl 2013.

Svandís Svavarsdóttir.

Guðríður Þorvarðardóttir.

Nr. 417 15. apríl 2013

AUGLÝSING

um friðlýsingu geislasteina í landi Teigarhorns, Djúpavogshreppi.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfisráðherra hefur ákveðið að tillögu Djúpavogshrepps og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að endurnýja friðlýsingu náttúruvættisins í landi Teigarhorns, skv. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Teigarhorn er einn þekktasti fundarstaður geislasteina (zeólíta) í heiminum og hefur svæðið mikið vísinda- og fræðslugildi. Það er sérstaklega auðugt af geislasteinum og fjölbreytni er jafnframt mikil. Svæðið dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að varðveita og viðhalda náttúrlegu ástandi svæðisins einkum m.t.t. þeirra jarðlaga sem eru rík af geislasteinum.

Enn fremur er það markmið friðlýsingarinnar að tryggja möguleika á rannsóknum á jarðmynd-unum svæðisins, sérstaklega rannsóknum á geislasteinum. Svæðið er afar mikilvægt fyrir fræðslu og útivist, bæði vegna aðsóknar ferðamanna og vegna nálægðar við þéttbýlið á Djúpavogi.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk verndarsvæðisins ná frá stórstraumsfjöruborði að þjóðvegi við Prófastsgötu í Eyfeyjunes-vík að Búlandsá auk gljúfurs Búlandsár, upp fyrir Selfoss ásamt 100 m breiðu belti meðfram gljúfrinu sitt hvoru megin. Mörk þess eru sýnd á meðfylgjandi hnitsettum uppdrætti í fylgiskjali I. Heildarflatarmál svæðisins er 200 ha.

4. gr.

Umsjón með hinu friðlýsta svæði.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með náttúruvættinu samkvæmt 28. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Umhverfisstofnun skal gera samning um daglegan rekstur og umsjón náttúruvættisins við Djúpavogshrepp sem umhverfisráðherra skal staðfesta. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir, landvörslu og fræðslu.

Umhverfisstofnun skal í samvinnu við Djúpavogshrepp sjá um gerð verndar- og stjórnunar-áætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

Fræðsla um verndarsvæðið og verndun geislasteina.

Til að tryggja verndun geislasteina í landi Teigarhorns skal Umhverfisstofnun í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og umsjónaraðila vinna að því að efla skilning almennings á sérstöðu þeirra, t.d. með miðlun og útgáfu fræðsluefnis um gerð og eiginleika geislasteina og verndun þeirra í náttúru landsins.

Öll nánari útfærsla á verndun og fræðslu fyrir náttúruvættið í landi Teigarhorns skal koma fram í verndar- og stjórnunaráætlun svæðisins. Þar skal einnig fjallað um rannsóknir og vöktun þess.

6. gr.

Bann við röskun jarðmyndana.

Óheimilt er að raska jarðmyndunum, þ.m.t. með hvers konar áletrunum og óheimilt er að hrófla við geislasteinum þar sem þeir koma fram í jarðlögum. Einnig er óheimilt að flytja geislasteina út af svæðinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Geislasteinar sem veðrast úr brimklifi við ströndina eða gljúfri Búlandsár eyðileggjast fljótt, en í þeim tilfellum skal umsýjaraðili hirða upp slíka steina til varðveislu á staðnum. Allir steinar sem finnast á verndarsvæðinu tilheyra landeiganda. Gera skal Náttúrufræðistofnun Íslands viðvart um mikilvæg eintök.

Framkvæmdir sem haft geta í för með sér röskun og/eða eyðileggingu á geislasteinum eða jarðlögum sem eru rík af geislasteinum eru óheimil. Jafnframt er mannvirkjagerð óheimil á verndarsvæðinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Við mat á því hvort leyfi skuli veitt skal Umhverfisstofnun meta hvort hætta sé á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. einnig markmið friðlýsingarinnar og efni verndar- og stjórnunar-áætlunar fyrir hið friðlýsta svæði. Leita skal álits Náttúrufræðistofnunar Íslands og eftir atvikum annarra aðila við veitingu slíks leyfis. Framkvæmdir eru einnig háðar framkvæmda- eða byggingar-leyfi Djúpavogshrepps eins og nánar greinir í skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um mannvirki nr. 160/2010.

7. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Vernda skal vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni svæðisins þannig að það geti þróast eftir náttúr-legum lögmálum og á eigin forsendum.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir innan marka náttúruvættisins, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

8. gr.

Umferð í náttúruvættinu.

Umferð vélknúinna ökutækja í náttúruvættinu er óheimil. Almenningsi er heimil för um verndar-svæðið og er öllum skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið.

Óheimilt er að hafa næturstað innan hins friðlýsta svæðis. Einnig er óheimilt að urða eða henda rusli á víðavangi innan náttúruvættisins.

9. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn auglýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

10. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi. Eldri auglýsing um friðlýsingu Teigarhorns við Berufjörð nr. 518/1975 fellur úr gildi við gildistöku þessarar auglýsingar.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. apríl 2013.

Svandís Svavarsdóttir.

Guðríður Þorvarðardóttir